

ÁRSSKÝRSLA GRÓTTU 2019



Skýrsla aðalstjórnar Gróttu



Efnisyfirlit

Skýrsla aðalstjórnar Gróttu	2
Ársskýrsla knattspyrnudeildar Gróttu	4
Ársskýrsla handknattleiksdeildar Gróttu	8
Ársskýrsla fimleikadeildar Gróttu	12
Heiðursmerki	14
Íþróttamaður Gróttu og æskunnar	16
Lög félagsins	18
Lög félagsins - breytingatillögur	20
Myndir	26

Stöðutöflur og nánari upplýsingar má finna á www.grotta.is



Ávarp formanns

Þegar litið er um öxl er ljóst að árið 2019 var viðburðaríkt hjá félaginu og verður lengi í minnum haft á Seltjarnarnesi. Að öðrum þeim atburðum sem stóðu upp úr á árinu ólöstuðum er stórkostlegur árangur karlaliðs Gróttu í knattspyrnu sá sem ber hæst. En góður árangur meistaraflokks kvenna var litlu síðri. Það var einstaklega ánægjulegt að verða vitni af því síðastliðið sumar hversu stórn sess Íþróttafélagið Gróttu á í huga margra. Mætingin á völlinn hjá karla- og kvennaliðinu okkar var stórkosleg og mun síðasti leikur meistaraflokks karla gegn Haukum líða Gróttufólki seint úr minni.

Árangur meistaraflokka félagsins í handknattleiks stóð kannski ekki undir þeim miklu væntingum sem Seltirningar gera til handboltaliðs síns en almenn ánægja er með það góða uppbyggingarstarf sem þar fer fram og þá stefnu sem verið er að móta.

Fimleikafólk félagsins sýndi svo vel hversu öflugt það er með ótrúlega góðum árangri þótt aðstæður til æfinga hafi verið langt frá því að vera ákjósanlegar á meðan framkvæmdir við nýjan fimleikasal fóru fram. Á árinu 2019 raungerðist einnig sá merki áfangi að nýtt og endurbætt íþróttahús var formlega tekið í notkun. Baráttan fyrir þeim endurbótum hafði staðið í áraraðir. Endurbæturnar voru þarfar fyrir allar deildir en óhætt er að segja mest aðkallandi hafi verið að



Bragi Björnsson, formaður

mæta þörfum fimleikadeildarinnar sem mun á komandi ári geta veitt iðkendum sínum frábærar aðstöðu til að iðka íþrótt sína.

Þá var á árinu í fyrsta skipti valin íþróttakona ársins sem og sjálfboðaliði og þjálfari ársins. Vonandi verða þessar viðurkenningar öllum félagsmönnum hvatning til að gera ávallt sitt besta.

Þá hélt félagið sem fyrr glæsilegt og fjölmennt Þorablót sem hefur fest sig í sessi sem afar eftirsóttur viðburður á Nesinu og um leið aflað tekna inn í starf Gróttu.

Á árinu 2020 verður áfram unnið af krafti við að veita félagsmönnum framúrskarandi þjónustu. Til þess að svo megi vera þarf að laða enn fleiri sjálfboðaliða að félaginu þannig að hægt verði að ná háleikum markmiðum sem félagið hefur sett sér í stefnumótun sinni.

Jafnframt þarf áfram að tryggja að aðstaða Gróttu til íþróttaiðkunar verði sem best verður á kosið. Er ljóst að á árinu þarf að hefja undirbúning og helst hefja framkvæmdir við að bæta aðstöðu knattspyrnumanna og -kvenna í vallahúsi við Vivaldivöllinn og endurbætur á litla salnum í Hertz-höllinni.

Það er því ljóst að félagsins bíða ögrandi verkefni og spennandi tímar sem Gróttufólk allt mun takast á við með bros á vör.

Almennt um starf aðalstjórnar Gróttu

Á árinu 2019 kláraði aðalstjórn að endurskoða stefnumótun félagsins en vinna við hana hófst síðla árs 2018 með því að félagsmönnum og öðrum áhugasömum var boðið til opins fundar í október 2018. Fundurinn var undir stjórn Hrannar Pétursdóttur sem kom einnig að vinnu við gerð stefnumótunar félagsins árið 2015. Unnið var áfram að stefnumótuninni með lykilmálum innan félagsins allt árið 2018 og í janúar 2019 kynnti aðalstjórn nýja og endurskoðaða stefnumótun félagsins. Er það von aðalstjórnar að stefnumótunin muni nýtast félaginu til að auka enn frekar faglega þjónustu við félagsmenn sína.

Vinna við stækkun íþróttamannvirkja lauk vorið 2019. Fimleikaæfingar hófust í kjölfarið í nýjum og glæsilegum fimleikasal, ný búningsaðstaða var opnuð og meistaraflokkar í handbolta fengu nýja klefa. Haustið 2019 fór svo formleg vísluathöfn fram að viðstöddu fjölmenni.

Í september 2019 ákvað aðalstjórn í samræmi við stefnumótun félagsins að efla skrifstofu félagsins. Þær breytingar voru gerðar að Kári Garðarsson sem hafði gegnt starfi íþróttastjóra félagsins varð framkvæmdastjóri Gróttu. Kristín Finnbogadóttir sem áður hafði gegnt hlutverki framkvæmdastjóra félagsins við góðan orðstír tók við stöðu fjármálastjóra félagsins. Var þetta gert í takti við áherslur aðalstjórnar um aukna yfirsýn yfir fjármál félagsins í heild. Aðalstjórn ákvað auk þess að bæta við þriðja stöðugildinu á skrifstofu félagsins með því að ráða í starf íþróttastjóra sem Kári hafði áður gegnt. Hátt í 40 umsóknir bárust um starfið. Eftir ítarlegt umsóknarferli var ákveðið að ráða Gunnlaug Jónsson í starfið. Hóf hann störf um miðjan október 2019. Reyndist sú ráðning happadryg í ljósi þeirra

auknu verkefna sem komu á borð skrifstofu félagsins. Í kjölfar Metoo byltingarinnar fór aðalstjórn af stað með endurskoðun á aðgerðaráætlun gegn ofbeldi innan félagsins. Fengnir voru utanaðkomandi sérfræðingar til ráðgjafar og var ný áætlun og verklag kynnt innan félagsins haustið 2019.

Í annað sinn fór Gróttu í samstarf við Capacent um vinnslu þjónustukönnunar fyrir félagið í heild sinni. Útkoman var í heild góð og foreldrar almennt mjög ánægðir með þá þjónustu sem börnin þeirra eru að fá hjá félaginu. Að sjálfsögðu komu einnig fram ábendingar um það sem betur mætti fara sem félagið og deildir þess tóku fagnandi og hafa notað til að auka gæði starfsins sem boðið er upp á. Undirritaður var þriggja ára samningur við Sideline um að útvega félaginu aðgang að samskiptatæki fyrir þjálfara. Innleiðing Sideline hefur gengið ágætlega en þó er ljóst að ákveðnir agnár eru á kerfinu sem þörf er á að koma í betra lag þannig að það nýtist sem skildi

Í árslok 2019 bauð aðalstjórn upp á skyndi-hjálparnámskeið fyrir alla þjálfara, starfsmenn og stjórnarfólk. Tilgangurinn námskeiðanna var að veita þjálfurum og starfsmönnum þá fræðslu sem þeir þyrftu til að bregðast við slysum sem kynnu að verða við æfingar og keppni. Guðjón Einar Guðmundsson hélt námskeiðið en hann hefur áralanga reynslu í starfi sem sjúkraflutningamaður. Aðsókn á námskeiðin var góð er það von aðalstjórnar að þau tryggi að rétt verði hlúð að iðkendum ef slys ber að höndum.

Fyrir jólin 2019 hélt aðalstjórn jólagleði fyrir þjálfara félagsins. Markmiðið með gleðinni var að þetta raðirnar og brjóta niður veggja á milli deilda. Anna Lilja Björnsdóttir frá KVAN hélt stuttan fyrirlestur um hópamenningu og hópapróun í kjölfarið höfðu þjálfara tækifæri til að ræða saman. Ljóst er að nauðsynlegt er fyrir félagið að standa að viðburðum fyrir þjálfara félagsins þvert á deildir þar sem þeir geta kynnst hvor öðrum borið saman bækur sínar.



Mannauður

Aðalstjórn Gróttu skipa	Titill	Menntun	Starfsaldur hjá Gróttu
Bragi Björnsson	Formaður aðalstjórnar	Lögmaður	2 ár
Þröstur Þór Guðmundsson	Varaformaður	Lögmaður	2 ár
Ragnar Rafnsson	Gjaldkeri	Löggiltur endurskoðandi	7 ár
Hreinn Októ Karlsson	Ritari	Íþróttakennari	7 ár
Kristinn Þorvaldsson	Meðsstjórnandi	B.Ed í kennslufræði og MPM í verkefnastjórnun	4 ár

Anna Björg Erlingsdóttir	Formaður handknattleiksdeildar	Viðskiptafræðingur	12 ár
Guðjón Rúnarsson	Formaður fimleikadeildar	Lögfræðingur	3 ár
Birgir Tjörvi Pétursson	Formaður knattspyrnudeildar	Lögmaður	4 ár
Pétur Blöndal	Varamaður	MBA frá HR	3 ár
Ísak Runólfsson	Varamaður	Matreiðslumaður	2 ár

Starfsmenn á skrifstofu aðalstjórnar eru:

Kári Garðarsson	Framkvæmdastjóri	BS. íþróttfræði og MPA í opinberri stjórnsýslu	18 ár
Gunnlaugur Jónsson	Íþróttastjóri	Stjórnmálafræði	1 ár
Kristín Finnbogadóttir	Fjármálastjóri		19 ár

Starfsmenn íþróttmannvirkja

Elvar Grétarsson	4 ára starf
Hafðís Guðmundsdóttir	5 ára starf
Jóhanna Selma Sigurðardóttir	4 ára starf
Reynir Hólm Jónsson	4 mánaða starf
Valdimar Ólafsson	10 ára starf
Sólveig Herbertsdóttir	4 ára starf
Örlygur Ásgeirsson	4 ára starf



Árangur deilda

Þegar litið er um öxl er ljóst að árið 2019 var viðburðaríkt hjá félaginu og verður lengi í minnum haft á Seltjarnarnesi. Að öðrum þeim atburðum sem stóðu upp úr á árinu ólöstuðum er stórkostlegur árangur karlaliðs Gróttu í knattspyrnu sá sem ber hæst.

Fimleikar

- Nýtt fimleikahús tekið í notkun vorið 2019
- 3. sæti á Bikarmóti FSÍ í frjálsum æfingum
- (meistaraflokksliðið skipuðu Fjóla Guðrún Viðarsdóttir, Karólína Snót Georgsdóttir, Laufey Birna Jóhannsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir og Sóley Guðmundsdóttir) og urðum bikarmeistarar í 3. þrepi.
- Laufey Birna Jóhannsdóttir varð Íslandsmeistari unglinga.
- Laufey Birna Jóhannsdóttir og Nanna Guðmundsdóttir í landsliðinu.
- Keppnishópar í áhaldafimleikum voru duglegir að fara í skemmtilegar og hvetjandi æfinga- og keppnisferðir á árinu. Fóru til Tennessee í Bandaríkjunum, Portúgal, Möltu og Svíþjóðar.

Handknattleikur

- Meistaraflokkur karla féll úr Olís deildinni. Uppbyggingarstarf í næst efstu deild hófst af krafti um haustið.
- Meistaraflokkur kvenna er í næst efstu deild og er að byggja upp lið á ungum og efnilegum leikmönnum.
- Arnar Daði Arnarsson tók við meistaraflokki karla en Arnar Jón og Davíð Hlöðversson halda áfram með mfl. kvk.

Knattspyrna

- Meistaraflokkur karla sigraði Inkasso-deildina sem nýliðar en Gróttu hafði verið spáð 9. sæti fyrir tímabilið. Félagið mun leika í efstu deild árið 2020 í fyrsta sinn í sögu félagsins.
- Meistaraflokkur kvenna endaði í 2. sæti í 2. deild og fer upp úr neðstu deild í fyrsta sinn í sögunni
- Fimm leikmenn Gróttu léku með yngri landsliðum á árinu. Fleiri en nokkru sinni áður.
- Chris Brazell tók við sem yfirþjálfari yngri flokka af Halldóri Árnasyni haustið 2019. Ágúst Gylfason tók við sem meistaraflokksþjálfari karla af Óskari Hrafni Þorvaldssyni.
- Magnús Örn Helgason stýrir meistaraflokki kvenna áfram.

Að öðru leyti er vísað til skýrslu stjórnar viðkomandi deilda.

Aðstaða

Eins og áður hefur komið fram í skýrslunni var vígt nýtt og endurbætt íþróttamannvirki haustið 2019. Með endurbótunum lauk áralangri baráttu Gróttu fyrir bættri aðstöðu fyrir fimleikadeild félagsins. Á sama tíma var búningasklefum fjölgað, sjoppuaðstaða betrubætt, styrktarsalur opnaður og stóri salurinn tekinn í gegn. Félagsmenn eru almennt himinlifandi yfir nýju aðstöðunni sem mun efalaust efla starf allra dilda félagsins í framtíðinni.

Á árinu 2019 átti aðalstjórn ásamt fulltrúum knattspyrnudeildar nokkra fundi með bæjaryfirvöldum vegna aðstöðuleysis í vallahúsi við Vívaldivöllinn. Veruleg fjölgun hefur orðið á fjölda iðkenda í knattspyrnudeildinni frá því að vallahúsið var tekið í notkun árið 2009 og annar vallahúsið ekki þeirri starfsemi sem nú er hjá deildinni. Þá hefur árangur meistaraflokka félagsins verið slíkur að nauðsynlegt er að gera verulegar endurbættir á vallahúsinu og aðstöðunni almennt til að mæta þörfum þeirra. Er ljóst að nauðsynlegt er að ráðast í miklar framkvæmdir til að aðstaða til knattspyrnuíðkunar standi undir væntingum félagsmanna og samræmist stefnumótun félagsins um að bjóða ávallt upp á aðstöðu sem er til jafns á við það sem best þekktist.

Viðurkenningar

Aðalstjórn ákvað á fundi sínum í desember 2019 að gera breytingar á kjöri íþróttamanns Gróttu. Ákveðið var að verðlauna íþróttamann og íþróttakonu ársins, sjálfboðaliða ársins og þjálfara ársins í fyrsta sinn.

Íþróttamaður og -kona Gróttu

Kjöri íþróttamanns Gróttu árið 2019 var lýst þann 9. janúar 2020. Tilnefnd voru:

Íþróttakona Gróttu

- Ana Lucia “Dida” Dos Santos, knattspyrna
- Laufey Birna Jóhannsdóttir, fimleikar
- Nanna Guðmundsdóttir, fimleikar

Íþróttakona Gróttu árið 2019 var valin **Nanna Guðmundsdóttir, fimleikakona**. Nanna keppir í fullorðinsflokki í áhaldafimleikum. Hún byrjaði aftur að keppa í fjölþraut árið 2019 eftir að hafa þurft að taka hlé frá fjölþrautarkeppni vegna meiðsla frá árinu

2016. Kom sterk inn og var valin í úrvalshóp FSÍ og nokkur landsliðsverkefni.



Nanna Guðmundsdóttir

Landsliðsverkefni 2019:

- Kepti með landsliði Íslands á Norður Evrópumótinu.
- Kepti með liði Íslands á Elite Gym Massilia í Frakklandi.
- Var valin í landslið fyrir Flanders International Team Challenge í Belgíu.

Árangur Nönnu ársins 2019:

- Reykjavík International: 3. sæti á gólfi og 3. sæti í liðakeppni.
- Make It Count Spectacular level 10, Pigeon Forge, TN: 2. sæti á gólfi, 3. sæti á slá, slá og fjölþraut.
- Bikarmót FSÍ: 3. sæti
- Meistaramót FSÍ: 2. sæti í fjölþraut, 1. sæti á gólfi, 2. sæti á slá og 3. sæti á tvísla
- Malta Gymstars International: 3. sæti í fjölþraut, 1. sæti á slá, 2. sæti á tvísla og 3. sæti á gólfi.
- Haustmót FSÍ: 2. sæti í fjölþraut, 1. sæti á slá og gólfi.

Íþróttamaður Gróttu

- Árni Benedikt Árnason, handknattleikur
- Pétur Theodór Árnason, knattspyrna

Íþróttamaður Gróttu árið 2019 er **Pétur Theodór Árnason, knattspyrnumaður**. Pétur er fæddur og uppalinn á Seltjarnarnesi. Hann er 24 ára gamall og lék upp alla yngri flokkana með Gróttu. Þegar Pétur



var aðeins 16 ára gamall spilaði hann sína fyrstu leiki með Gróttu í 1. deild og lék einnig með U16 ára landsliði Íslands á Norðurlandamótinu. Þá um haustið fór Pétur á reynslu til enska liðsins Reading og var viðloðandi landsliðshópa næstu misseri. Sumarið 2013 lenti Pétur í því áfalli að slíta krossband í hné og ári síðar, eftir margra mánaða endurhæfingu, slitnaði krossbandið aftur. Síðan þá hefur ferill Péturs farið smám saman upp á við en hann kom sterkur inn í Gróttuliðið um mitt sumar 2018 og hjálpaði liðinu að komast upp úr 2. deild.



Pétur Theodórs

Árið 2019 var ár Péturs Theodórs. Hann var markahæsti leikmaður Mjólkurbikarsins með 9 mörk og var lykilmáður í liði Gróttu sem sigraði Inkasso-deildina eftirminnilega í sumar. Pétur var valinn besti leikmaður fyrri hluta mótsins, hann var markakóngur deildarinnar með 15 mörk í 22 leikjum og í lok tímabilsins var Pétur í liði ársins! Pétur Theodór var valinn leikmaður ársins hjá Gróttu á lokahófi meistaraflökkanna en einnig var hann kjörinn leikmaður leikmanna af liðsfélögum sínum.

Pétur er mikill liðsmaður með stórt Gróttuhjarta. Hann æfir af krafti og hugsar vel um sig utan vallar. Fyrirmyndarleikmaður í einu og öllu.

Íþróttamaður æskunnar

Kjóri íþróttamanns æskunnar hjá Gróttu árið 2019 var lýst þann 9. janúar 2020. Tilnefnd til verðlaunanna voru:

Fimleikadeild

- Fjóla Guðrún Viðarsdóttir
- Katrín Aradóttir

Handknattleiksdeild

- Ari Pétur Eiríksson
- Gunnar Hrafn Pálsson
- Hrafnhildur Hekla Grímsdóttir
- Katrín Helga Sigurbergisdóttir

Knattspyrnudeild

- Hákon Rafn Valdimarsson
- Orri Steinn Óskarsson
- Rakel Lóa Brynjarsdóttir
- Tinna Brá Magnúsdóttir

Íþróttamaður æskunnar hjá Gróttu árið 2019 var valinn **Orri Steinn Óskarsson, knattspyrnumaður.** Orri Steinn er fæddur árið 2004 og var gjaldgengur í 3. flokk í sumar. Hann æfði þó eingöngu og lék með 2. og meistaraflökki á árinu, fyrir utan einn leik í 3. flokki þar sem hann skoraði þrennu! Orri Steinn spilaði 14 leiki með meistaraflökki í sumar þegar liðið vann það afrek að tryggja sér sæti í efstu deild í fyrsta sinn. Orri lék varnarmenn andstæðinganna oft grátt, lagði upp mörk og skoraði svo í síðasta leik sumarsins fyrir framan fulla stúku á Vivaldivellinum.



Orri Steinn Óskarsson

Á lokahófi meistaraflökkanna var Orri valinn besti ungi leikmaður ársins hjá Gróttu. Orri var lykilmáður í U17 ára landsliði Íslands á árinu og fór með liðinu í þrjár keppnisferðir, á UEFA-mót, Norðurlandamót

og í forkeppni EM. Þess má geta að flestir leikmanna liðsins (og andstæðinganna) voru ári eldri en Orri.

Á Norðurlandamótinu skoraði Orri sex mörk í þremur leikjum og í forkeppni EM skoraði hann eitt mark. Í haust komust Orri Steinn og Gróttu að samkomulagi um félagskipti hans til danska stórlíðsins FC Kaupmannahafnar en Orri mun formlega ganga til liðs við félagið næsta sumar. Þetta er í fyrsta sinn sem erlent atvinnumannalið fær til sín leikmann frá Gróttu og eru þetta því mikil tíðindi fyrir bæði Orra Stein og knattspyrnudeild Gróttu.

Fyrir utan augljósa hæfileika inni á vellinum er Orri drengur góður, traustur liðsfélagi og mikill félagsmaður. Frábær fyrirmynd fyrir unga Gróttumenn- og konur.

Sjálfboðaliði ársins

Tilnefnd til verðlaunanna sjálfboðaliði ársins voru:

- Guðrún Edda Haraldsdóttir, fimleikadeild
- Benedikt Arnar Davíðsson, handknattleiksdeild
- Eyjólfur Garðarsson, knattspyrnudeild

Sjálfboðaliði ársins árið 2019 var valinn **Eyjólfur Garðarsson, sjálfboðaliði knattspyrnudeildar.**



Eyjólfur Garðarsson

Þjálfari ársins

Tilnefndir til verðlaunanna þjálfari ársins voru:

- Davíð Örn Hlöðversson, handknattleikur
- Gabriella Belanyi, fimleikar
- Sesselja Jarvela, fimleikar
- Óskar Hrafn Þorvaldsson, knattspyrna

Þjálfari ársins árið 2019 var valinn **Óskar Hrafn Þorvaldsson, knattspyrnuþjálfari.** Óskar Hrafn hóf störf hjá knattspyrnudeild Gróttu haustið 2015 sem þjálfari 4. flokks karla og ári síðar var hann ráðinn sem yfirþjálfari yngri flokka og þjálfari tveggja flokka. Haustið 2017 tók Óskar við meistaraflökki karla hjá Gróttu, ásamt Halldóri Árnasyni, og kom liðinu upp úr 2. deild á sínu fyrsta tímabili. Sá árangur vakti verðskuldaða athygli enda var meðalaldur Gróttuliðsins 20,8 ár og spiluðu strákarnir skemmtilegan sóknarbolta.



Óskar Hrafn Þorvaldsson

Árið 2019 verður svo lengi í minnum haft. Þá stýrði Óskar Hrafn Gróttuliðinu til sigurs í Inkasso-deildinni en fyrir tímabil var Gróttu spáð 9. sæti. Þetta þýðir að árið 2020 mun Gróttu spila í efstu deild í knattspyrnu í fyrsta sinn í sögu félagsins! Að vinna deildina sem nýliðar með ungt og óreynt lið, á grundvelli byltingarkenndrar hugmyndafræði um rekstur liðsins þar sem engin laun voru greidd, er án vafa eitt af stærstu afrekum þjálfara í liðsþrótt í sögu Gróttu.

Þess má geta að fyrri hluta árs þjálfaði Óskar einnig 6. flokk karla hjá Gróttu sem og 2. flokk karla meðfram

Þjálfun meistaraflokks. Snemma í vor dró Óskar sig í hlé í 6. floknum en hélt áfram þjálfun 2. flokks í samstarfi við aðra þjálfara.

Eins og kunnugt er söðlaði Óskar um og tók við liði Breiðabliks í haust. Gróttu nýtur því ekki starfskrafta Óskars áfram en ljóst er að hans verður minnst sem eins áhrifamesta þjálfara sem starfað hefur fyrir félagið. Óskar þorði að feta nýjar brautir í starfi sínu og hann kraftist mikils af leikmönnum, en mestar kröfurnar gerði hann þó til sjálfs síns. Árangurinn lét heldur ekki á sér standa en strákarnir sem léku undir hans handleiðslu hafa bætt sig gríðarlega á síðustu tímabilum. Að fara upp um tvær deildir á tveimur árum er sannkallað afrek sem hefur veitt Gróttufólki ómælda gleði og innblástur á síðustu misserum. Óskar var einn af þremur efstu í kjöri íþróttaféttamanna á þjálfara ársins árið 2019 en úrslit kjörsins verða kunngjörð þann 28. desember í Hörpu.

Við kjör íþróttamanns Gróttu var þeim iðkendum sem kepptu í fyrsta sinn fyrir Íslands hönd á árinu 2019 veittar viðurkenningar. Þau voru:

- Katrín Helga Sigurbergisdóttir, handknattleiksdeild
- Kjartan Kári Halldórsson, knattspyrnudeild
- Tinna Brá Magnúsdóttir, knattspyrnudeild

Heiðursmerki

Við afhendingu viðurkenninga til afreksfólks Gróttu þann 9. janúar 2020 voru einnig veitt heiðursmerki félagsins. Eftirtaldir einstaklingar hlut heiðursmerki félagsins við það tilefni:

Bronsmerki Gróttu:

- Anna Björg Erlingsdóttir
- Arna Einarsdóttir
- Arnar Rafn Birgisson
- Bjarni Ármannsson
- Einar Rafn Ingimarsson
- Elizabeth Holt
- Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir
- Heiðar Guðjónsson
- Helga Sverrisdóttir
- Helgi Magnússon
- Ísak Runólfsson
- Jóhanna Sigmundsdóttir
- Jón Stephenson von Tetzchner
- Jórunn María Þorsteinsdóttir
- Laufey Ásta Guðmundsdóttir
- Lárus Gunnarsson
- Lovísa Ásgeirsdóttir
- Óskar Hrafn Þorvaldsson
- Pétur Rögnvaldsson
- Saga Ómarsdóttir
- Valdimar Ólafsson

Silfurmerki Gróttu:

- Arndís María Erlingsdóttir
- Davíð Örn Hlöðversson

Reglur fyrir merkjaveitingar Gróttu

Bronsmerki:

5 ára starf eða 10 ára keppni í þágu félagsins.

Einnig veitt til erlendra og innlendra aðila sem starfað hafa fyrir félagið þegar stjórn Gróttu þykir ástæða til. Undantekning er á keppnisreglum vegna fimleika.

Silfurmerki:

10 ára starf eða 15 ára keppni í þágu félagsins

Gullmerki:

25 ára starf eða 20 ára keppni í þágu félagsins

Lokaorð

Ætla má að komandi ár verði ekki síður viðburðaríkt hjá Gróttu. Allar forsendur eru fyrir því að félagið geti haldið áfram að vaxa og veita félagsmönnum framúrskarandi þjónustu. Til þess að svo megi verða þurfa allir sem koma að félaginu að leggja sitt af mörkum. Svo hefur sannarlega verið reyndin á liðnu ári.

Starfsfólk, iðkendur, stjórnarfolk og sjálfboðaliðar hafa staðið vaktina vel á árinu 2019 og sýnt í starfi sínu mikinn metnað fyrir hönd félagsins. Vill aðalstjórn Gróttu nota tækifærið og þakka öllum þeim sem starfað hafa fyrir Gróttu fyrir vel unnin

störf og ánægjulegt samstarf. Þá vill aðalstjórn þakka öllum þeim styrkartaraðilum sem hafa sýnt stuðnings sinn í verki, án þeirra væri félaginu ekki unnt að sinna félagsmönnum sínum eins vel og raun ber vitni. Að lokum vil aðalstjórn þakka Seltjarnesbæ og starfsfólki sveitarfélagsins ómetanlega stuðning í orði og á borði sem og íbúum Seltjarnarness sem hafa af krafti stutt litla félagið sitt með stóra hjartað.

F.h. aðalstjórnar Gróttu,
Bragi Björnsson, formaður



Skýrsla knattspyrnudeildar Gróttu



Ávarp formanns

Árið 2019 var sögulegt hjá knattspyrnudeild Gróttu. Meistaraflokkur karla vann það afrek að sigra Inkasso-deildina og mun því spila í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins næsta sumar. Strákarnir voru í fjórða sæti í kjöri íþróttafréttamanna á liði ársins og Óskar Hrafn Þorvaldsson var kjörinn þjálfari ársins. Stelpurnar skrifuðu sig einnig í sögubækur félagsins með því að komast upp úr neðstu deild í fyrsta sinn frá því að meistaraflokkur kvenna hjá Gróttu var settur á laggirnar árið 2016.

Metnaðurinn í yngri flokka starfinu heldur áfram að aukast og tefldi Gróttu fram glæsilegum liðum í öllum flokkum. Í vetur urðu tímamót þegar deildin réði Englendinginn Chris Brazell í starf yfirþjálfara en þjálfari með reynslu af erlendum vettvangi hefur ekki fyrr stýrt yngri flokka starfi félagsins. Loks ber að nefna að í haust gekk Gróttumaðurinn Orri Steinn Óskarsson til liðs við danska stórlíðið FC Kaupmannahöfn. Þetta er í fyrsta sinn sem erlent atvinnumannalið fær til sín leikmann frá Gróttu en það verður sannarlega spennandi að fylgjast með ævintýrum Orra á nýjum vettvangi.

Íþróttahreyfingin hefur ekki farið varhluta af þeim vanda sem fylgir Covid19 faraldrinum sem hefur



Birgir Tjörvi Pétursson, formaður

herjað á heimsbyggðina. Mörg félög sjá fram á þungan rekstur á árinu 2020 og víða hafa leikmenn og þjálfarar þurft að taka á sig launalækkanir. Gróttu mun tapa á ástandinu eins og aðrir, en með þeirri skynsömu aðferðafræði sem hefur verið beitt hjá knattspyrnudeildinni síðustu tvö ár er það okkar von að höggið verði minna en ella. Við höldum áfram að fjárfesta í þjálfun og umgjörð og látum vera að skuldbinda deildina í að greiða leikmönnum laun fyrir að spila.

Fyrir hönd deildarinnar þakka ég Óskari Hrafn Þorvaldssyni og Halldóri Árnasyni fyrir frábært starf á síðustu árum, bæði í meistaraflokki sem og í yngri flokkunum. Á sama tíma lýsi ég yfir mikilli ánægju með ráðningar Ágústs Gylfasonar, Guðmundar Steinarssonar og Chris Brazell og vænti mikils af störfum þeirra á komandi mánuðum.

Um deildina

Hjá knattspyrnudeild Gróttu æfa rúmlega 300 iðkendur á aldrinum 4-19 ára og teflir Gróttu fram liðum í öllum yngri flokkum karla og kvenna. Meistaraflokkur karla leikur í efstu deild Íslandsmótsins í sumar í fyrsta sinn í sögunni og meistaraflokkur kvenna mun leika í 1. deild.



Meistaraflokkur karla

Þann 21. september skrifaði meistaraflokkur karla hjá Gróttu sig í sögubækurnar þegar liðið tryggði sér sæti í efstu deild í fyrsta sinn í sögu félagsins. Afrekið var enn magnaðra í ljósi þess að strákarnir voru nýliðar í Inkasso-deildinni og var liðinu spáð 9. sæti fyrir tímabilið.

Gróttuliðið byrjaði árið með því að spila í B-deild Fótbolta.net mótsins. Annað árið í röð bar Gróttu sigur úr bítum en Njarðvíkingar voru lagðir að velli í úrslitaleiknum sem var spilaður á Vivaldivellinum. Lengjubikarinn tók við þar sem Gróttu sigraði Hauka, gerði jafntefli við Keflavík en tapaði fyrir úrvalsdeildarliðum FH, Breiðabliks og Víkings.

Í apríl hélt meistaraflokkur í æfingaferð til Monte Castillo á Spáni þar sem æft var við bestu aðstæður og línurnar lagðar fyrir komandi sumar. Gróttu lagði

Álftanes og KFR að velli í fyrstu umferðum bikarsins en þann 1. maí heimsóttu strákarnir Fylkismenn í Árbæinn. Þar höfðu heimamenn 2-1 sigur í æsispennandi leik þar sem Gróttu var ekki langt frá því að komast í framlengingu.

Inkasso-deildin hófst nokkrum dögum síðar en nýliðum Gróttu var spáð 9. sæti af þjálfurum og fyrirliðum. Í fyrstu umferðunum var þó ljóst að Gróttumenn ætluðu sér stærri hluti en það. Sterkir útsigar á Þór, Keflavík og Fram unnust og var Gróttu í toppbaráttu þegar tímabilið var hálfnað. Pétur Theodór Árnason var kjörinn besti leikmaður fyrri umferðarinnar en hann skoraði 10 mörk í fyrstu 11 leikjunum.

Ævintýrið hélt áfram og Gróttu hreinlega tapaði ekki leik! Þegar þrjár umferðir voru eftir hafði Gróttu 4 stiga forystu á Þór og Leikni en Breiðhyltingar minnkuðu bilið niður í eitt stig eftir að Gróttu tapaði fyrir Aftureldingu þann 8. september. Það var fyrsta tap liðsins frá 24. maí.

Eftir að hafa lagt Njarðvíkinga að velli í brjáluðu veðri á Suðurnesjunum dugaði jafntefli í lokaleiknum við Hauka til að tryggja sæti í Pepsi Max deildinni. Um 1000 áhorfendur mættu á Vivaldivöllinn þann 21. september og stemningin var rafmögnuð. Gróttumenn spiluðu vel og unnu öruggan 4-0 sigur og voru fagnaðarlætin engu lík. Stuðningsmenn flyktust inn á völlinn og hélt stemningin áfram á Eiðistorgi. Gleðin var ósvikin enda hafði það ómögulega tekist – Gróttu spilar í deild hinna bestu árið 2020.


Hákon Rafn Valdimarsson, Arnar Þór Helgason, Axel Freyr Harðarson og Pétur Theodór Árnason voru allir valdir í lið ársins í Inkasso-deildinni og Óskar Hrafn Þorvaldsson var valinn þjálfari ársins. Óskar var einnig kjörinn þjálfari ársins af Samtökum íþróttafréttamanna í desember.

Breytingar urðu á þjálfarateyminu í haust þegar þeir Óskar Hrafn og Halldór Árnason aðstoðarþjálfari tóku við meistaraflokki karla hjá Breiðabliki. Í þeirra stað voru ráðnir Ágúst Þór Gylfason og Guðmundur Steinarsson sem hafa stýrt bæði Fjölni og Breiðabliki í efstu deild.

Leikmaður ársins á lokahófi: Pétur Theodór Árnason

Leikmaður leikmanna: Pétur Theodór Árnason

Ungi leikmaður ársins: Orri Steinn Óskarsson



Meistaraflokkur kvenna

Stefnan var sett upp um deild hjá meistaraflokki kvenna eftir að hafa verið í neðstu deild frá stofnun flokksins. Þrátt fyrir nokkur hliðarspor yfir sumarið náðist takmarkið þann 8. september þegar Gróttustelpur sigruðu Álftanes 3-0 á Vivaldivellinum og sæti í 1. deild var tryggt.

Gróttustelpur spiluðu nokkra æfingaleiki í byrjun árs en tóku svo þátt í Lengjubikarnum í mars og apríl. Þar endaði Gróttá með 6 stig eftir að hafa sigrað lið Aftureldingar og Álftaness en tapað fyrir Tindastól og Fjölni. Gróttá sigraði Leikni í fyrstu umferð Mjólurbikarsins en tapaði fyrir spræku liði Augnabliks í annari umferð.

Aðeins 7 lið léku í 2. deild í sumar svo hvert lið lék aðeins 12 leiki. Það er fáheyrt að meistaraflokkar spili svo fáa leiki á heilu keppnistímabili, en þetta þýddi að lítið rými var til mistaka. Sumarið fór vel af stað með góðum sigrum á Sindra og Hömrunum á Akureyri en í þriðju umferð gerðu Gróttustelpur jafntefli við Leikni í Breiðholti. Þegar upp var staðið var þetta eina stig Leiknis á tímabilinu.

Þar sem oft var langt á milli leikja var æfingaferð liðsins farin í júní. Áfangastaðurinn var Bosön, lítil eyja við Stokkhólm, þar sem æft var við góðar aðstæður í blíðskaparveðri og tengslin innan hópsins styrkt.

Þegar komið var fram í ágúst var Gróttá í öðru sæti deildarinnar með Sindra og Fjarðabyggð fast á hæla sér. Sindri komst upp fyrir Gróttu í þriðju síðustu umferð en þegar einni umferð var ólokið var Gróttá aftur komin í 2. sætið og dugaði því að sigra Álftanes í lokaleiknum þann 8. september.

Vel var mætt á Vivaldivöllinn enda var mikið í húfi. Gróttustelpur höfðu mikla yfirburði í leiknum og unnu að lokum 3-0 sigur á Álftanesi. Gleðin var ósvikin þegar flautað var til leiksloka enda hafði stórt skref verið stigið í kvinnaboltanum á Seltjarnarnesi – Gróttá hafði tryggt sig upp og spilar í 1. deild sumarið 2020.

Leikmaður ársins á lokahófi: Ana Lucia N. Dos Santos (Dida)

Leikmaður leikmanna: Jórunn María Þorsteinsdóttir
Ungi leikmaður ársins: Rakel Lóa Brynjarsdóttir



Yngri flokkar

Starfið í yngri flokkum Gróttu var blómlegt á árinu en yfir 300 iðkendur voru skráðir í 2-8. flokki karla og kvenna. Halldór Árnason tók við sem yfirþjálfari af Bjarka Má Ólafssyni haustið 2018 og stýrði öflugum þjálfarateymi reynslumikilla þjálfara í bland við unga og upprennandi.

Sumarmótin á sínum stað

Yngstu flokkarnir fóru á sumarmótin sem eru yfirleitt hápunktur ársins hjá ungum fótþakrökkum. Strákarnir í 7. flokki tóku þátt á Norðurlásmótinu á Akranesi eftir nokkurra ára hlé. Gróttu hætti keppni á mótinu á sínum tíma vegna óánægju með 7-manna boltann sem enn var spilaður en nú hafa Skagamenn breytt í 5-manna mót eins og önnur mót fyrir 7-8 ára börn. Gróttu sendi sex lið til leiks og var mikil ánægja með helgina á Akranesi. Stelpurnar í 5. flokki fóru til Vestmannaeyja á Þæjumót og strákarnir til Akureyrar á N1-mótið. Eldra árið í 6. flokki karla fór til Eyja á hið margfræga Orkumót á meðan stelpurnar tóku þátt í Landsbankamóti Tindastóls á Sauðárkróki. Stelpurnar í 7. flokki léku á Greifamótinu á Akureyri þar sem Gróttu sendi fjögur lið til keppni.



Á Síamótinu

4. flokkur kvenna í úrslitakeppni

Í 11-manna boltanum var Gróttu með lið í öllum flokkum en sjötta árið í röð tefldu Gróttu og KR fram sameiginlegum liðum í 2., 3. og 4. flokki kvenna.

A-lið 4. flokks Gróttu/KR vann B-riðil Íslandsmótsins með fullt hús stiga og komst þar með í úrslitakeppni. Þar sigruðu stelpurnar Þór og Tindastól en töpuðu fyrir sterku liði Breiðabliks sem varð Íslandsmeistari. Strákarnir í 4. flokki enduðu í 2. sæti C-deildar eftir magnaðan lokasprett þar sem síðustu 5 leikirnir unnust.

Metaðsókn var í knattspyrnskóla Gróttu og önnur fótbotlanámskeið sem haldin voru.

Aldrei fleiri landsliðsmenn

Fimm leikmenn úr yngri flokka starfi Gróttu léku með landsliðum Íslands á árinu. Grímur Ingi Jakobsson, Kjartan Kári Halldórsson og Orri Steinn Óskarsson léku með U16 og U17 karla, Tinna Brá Magnúsdóttir lék með U15 kvenna og Hákon Rafn Valdimarsson lék með U18 og U19 ára landsliðum karla.



Kjartan Kári og Tinna Brá

Í október gekk Halldór Árnason til liðs við Breiðablik eftir að hafa gegnt stöðu yfirþjálfara í eitt ár. Leitin að arftaka Halldórs tók nokkrar vikur en Magnús Örn Helgason, fyrrum yfirþjálfari, tók við stöðunni tímabundið. Í desember var Englendingurinn Chris Brazell ráðinn yfirþjálfari en hann hafði áður starfað í akademíu Norwich City. Mikil ánægja hefur verið með störf Chris en hann framlengdi samning sinn um tvö ár á vordögum 2020.



Stjórn knattspyrnudeildar Gróttu. Frá vinstri er Birgir Tjörvi Pétursson, Þorsteinn Ingason, Pétur Ívarsson, Sölvi Snær Magnússon, Harpa Frímansdóttir, Dofri Pétursson, Arnar Rafn Birgisson.

Mannauður

Stjórn

Birgir Tjörvi Pétursson
Sölvi Snær Magnússon
Harpa Frímansdóttir
Arnar Rafn Birgisson
Harpa Guðfinnsdóttir
Pétur Ívarsson
Rögnvaldur Dofri Pétursson
Þorsteinn Ingason
Alexander Jensen Hjálmarsson

Starfsmenn

Yfirþjálfari yngri flokka: Chris Brazell
Aðstoðaryfirþjálfari: Björn Valdimarsson
Verkefnastjóri: Jórunn María Þorsteinsdóttir

Þjálfarar tímabilið 2019/2020

Meistaraflokkur karla

Aðalþjálfari: Ágúst Þór Gylfason
Aðstoðarþjálfari: Guðmundur Steinarsson
Styrktarþjálfari: Þór Sigurðsson
Markmannsþjálfari: Þorleifur Óskarsson

Meistaraflokkur kvenna

Aðalþjálfari: Magnús Örn Helgason
Aðstoðarþjálfari: Pétur Rögnvaldsson
Markmannsþjálfari: Gísli Þór Einarsson

2. flokkur karla

Arnar Þór Axelsson
Einar Bjarni Ómarsson

2. flokkur kvenna

Aníta Lís Svansdóttir

3. flokkur karla

Arnar Þór Axelsson
Pétur Már Harðarson

3. flokkur kvenna

Björn Valdimarsson
Guðmundur Guðjónsson

4. flokkur karla

Pétur Már Harðarson
Halldór Kristján Baldursson
Pétur Rögnvaldsson

4. flokkur kvenna

Björn Valdimarsson

5. flokkur karla

Pétur Már Harðarson
Gabriel Hranar Eyjólfsson
Kristófer Melsted

5. flokkur kvenna

Magnús Örn Helgason
Kamilla Brá Brynjarsdóttir
Katrín Ómarsdóttir

6. flokkur karla

Björn Valdimarsson
Gabríel Hrannar Eyjólfsson

6. flokkur kvenna

Arnar Þór Axelsson
Katrín Ómarsdóttir

7. flokkur karla

Axel Ingi Tynes
Björn Valdimarsson

7. flokkur kvenna

Axel Ingi Tynes
Jórunn María Þorsteinsdóttir

8. flokkur karla og kvenna

Axel Ingi Tynes

Aðstaða

Knattspyrnudeildin hefur bæktistöðvar sínar í vallahúsinu og á gervigrasvellingum við Suðurströnd. Völlurinn hefur heitið Vivaldivöllurinn frá árinu 2015 en Seltirningurinn Jón von Tetzchner er eigandi Vivaldi. Nýtt gervigras var lagt á völinn árið 2016.

Vallahúsið, sem tekið var í rekstur árið 2009, er fyrir löngu sprungið. Þegar húsið var byggt var varla kvennafótbolti í Gróttu og umsvif deildarinnar mikið minni. Síðustu ár hafa klefandamál verið mikil og þegar leikir eru á vellingum hafa yngri iðkendur ekki haft pláss til að skipta um föt.

Í apríl 2020 hófust endurbætur á meistaraflokksklefum karla og kvenna. Ennfremur verður aðstaða þjálfara bætt. Slíkt er afar mikilvægt þar sem margir þjálfarar hjá knattspyrnudeild Gróttu hafa þjálfun sem sitt aðalstarf.

F.h. stjórnar knattspyrnudeildar Gróttu,
Birgir Tjörvi Pétursson, formaður



Skýrsla handknattleiksdeildar Gróttu



Ávarp formanns

Eftir síðasta aðalfund Gróttu vorið 2019 var stjórn handknattleiksdeildar skipuð eftirfarandi einstaklingum: Anna Björg Erlingsdóttir, formaður, Þórir Jökull Finnbogason, gjaldkeri og meðstjórnendur Lárus Gunnarsson, Einar Rafn Ingimarsson, Daði Laxdal og Bernódus Sveinsson. Að auki störfuðu Sigurbergur Steinsson og Ásmundur Einarsson stjórnarmenn í barna- og unglingaráði einnig af miklum krafti fyrir meistaraflokkana auk þess sem Hannes Birgisson hefur verið fulltrúi deildarinnar í sameiginlegum viðburðum deilda Gróttu. Daði Laxdal þurfti að segja sig úr stjórn strax þar sem hann flutti erlendis.

Á haustönn þegar nýtt keppnistímabil hófst var gríðarlega mikilvægt að framkvæmdum á íþróttahúsinu var lokið og deildin gat nú aukið æfingar og haft æfingátíma á hentugum tímum fyrir hvern aldursflokk. Iðkendur deildarinnar eru um 220 og skiptist hlutfall drengja og stúlkna nokkuð jafnt. Hér verður farið yfir helstu verkefni meistaraflokka en formaður unglingaráðs, Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, mun gera starfi barna- og unglingaráðs nánari skil.



Anna Björg Erlingsdóttir, formaður

Meistaraflokkur karla og kvenna 2019

Á vormánuðum var ljóst að bæði meistaraflokkur karla og kvenna myndi spila í Grill 66 deild og var strax hugur í fólki að líta jákvætt á það og sem tækifæri í uppbyggingarstarfi deildarinnar. Einar Jónsson lét af störfum sem þjálfari meistaraflokks karla og við liðinu tók Arnar Daði Arnarsson og honum til aðstoðar var Gunnar Andrésen. Davíð Örn Hlöðversson og Arnar Jón Agnarsson héldu áfram sem þjálfarar meistaraflokks kvenna.

Leikmannahópur meistaraflokkanna var að miklu leyti sá sami og veturinn áður þó með einhverjum liðsauka.

Stjórnin ákvað í upphafi tímabils að láta á það reyna að rukka ekki inn á leiki, heldur fá fleiri til að mæta og skapa góða stemmningu. Það var töluvert um tvennur þetta tímabil, en það er þegar báðir flokkar eiga heimaleiki sama dag. Seldir voru hamborgarar á þessum dögum og tókst ágætlega til.

Um deildina

Rekstur deildarinnar byggir á sjálfbæðaliðum og bjó formaður til hóp af fólki sem líklegt var til að vilja og geta aðstoðað. Það tókst ágætlega en eins og

svo oft áður eru það yfirleitt of fáar, og oftast þær sömu, hendur sem vinna verkin. Þeim góða hópi sem hjálpaði til vil ég færa ómetanlegar þakkir, svona starf vinnst einungis með slíku framlagi. Það væri mikil hjálp í því að stækka þennan hóp sem getur komið að framkvæmd á leikjum.

Styrktarmál hafa ekki gengið eins vel og óskandi væri. Deildin hefur fáa styrktaraðila en sem betur fer aðila sem eru deildinni ómetanlegir og við þökkum fyrir. Seltjarnarnesbær er eins og áður öflugasti styrktaraðili deildarinnar og færur við þeim bestu þakkir. Stærstu fjárráflanir á árinu voru sameiginlegt karlakvöld og þorablót deilda og aðstoð á Ed Sheeran tónleikum á Laugardalsvelli í ágúst. Það verður áskorun fyrir deildina að fá til sín styrktaraðila í því ástandi sem nú er.

Eftir að tekin var ákvörðun um að ljúka keppnistímabilinu 2019-2020 í apríl sökum kórónuveirufaraldursins er ljóst að kvennalið Gróttu mun leika annað tímabil í Grill 66 deildinni þar sem liðið var stutt í 4. sæti deildarinnar þegar keppni stöðvaðist. Karlalið Gróttu mun hins vegar leika í Ólísdeildinni á næsta tímabili.

Bæði liðin hefðu tekið þátt í umspili um sæti í Ólísdeildinni ef allt hefði verið eins og á að vera. Ljóst er að mikið tekjutap hlýst vegna þess og mun deildin reyna eins og hægt er að fá það bætt.

Það er samt hægt að segja að styrkur deildarinnar í vetur hafi verið að greiða niður skuldir en mikið aðhald hefur verið í fjármálum deildarinnar og hefur rekstur deildarinnar verið í betra jafnvægi eftir mikið tap sl. ár. Handknattleiksdeildin hefur metnað í að gefa ungum og uppöldum leikmönnum tækifæri og skaffa þeim fyrirtaks þjálfun og umgjörð en takmarka launagreiðslur eins og kostur er á mót.

Að lokum vill stjórn handknattleiksdeildar þakka ÍTS, Seltjarnarnesbæ og styrktaraðilum fyrir öflugan stuðning við deildina. Starfsmönnum skrifstofu Gróttu og íþróttahússins, og öllum þeim sjálfbóðaliðum sem lögðu okkur lið þökkum við ómetanlega hjálp.

F.h. stjórnar handknattleiksdeildar Gróttu, Anna Björg Erlingsdóttir, formaður

Skýrsla barna- og unglíngaráðs handknattleiksdeildar Gróttu 2019

Starf 3. til 8. flokks karla og kvenna

Unglíngaráð veturinn 2019-2020 var þannig skipað:

Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, formaður
Saga Ómarsdóttir, gjaldkeri
Ásmundur Einarsson, meðstjórnandi
Kristín Sif Kristjánsdóttir, meðstjórnandi
Lovísa Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
Páll Gíslason, meðstjórnandi
Sigurbergur Steinsson, meðstjórnandi
Filip Andonov, verkefnastjóri yngri flokka

Iðkendur veturinn 2019-2020 voru 218, sem skiptist í 99 stelpur og 119 stráka.

Handknattleiksdeild Gróttu tefldi fram samtals 40 liðum frá 8. – 3. flokki karla og kvenna á tímabilinu. Í upphafi vetrar hófu Gróttu og KR samstarf í 5. og 4. fl. karla og spiluðu flokkarnir undir merkjum beggja liða sem Gróttu/KR. Samstarfið gekk ágætlega og verður skoðað hvort samstarfið haldi áfram næsta vetur. Gróttu sendi lið á bæði Íslandsmótin og í bikarkeppnina. Almenn hefur jákvæðni og gleði einkennt leik liðanna og hafa flest liðin sýnt góðar framfarir. Boðið hefur verið upp á séræfingar, þar á meðal markmannsæfingar, fyrir 6., 5. og 4. flokk karla og kvenna.

Skipting í lið 2019 – 2020 var eftirfarandi:

Flokkur	Konur	Þjálfari	Karlar	Þjálfari
3.fl.	1 lið	Davíð Hlöðversson Arnar Jón Agnarsson	1 lið	Lárus Gunnarsson
4.fl.	1 lið	Arnar Daði Ægir Steinarsson	3 lið	Arnar Daði Ægir Steinarsson
5.fl.	3 lið	Filip Andonov	2 lið	Ingvar Örn Ákason
6.fl.	3 lið	Filip Andonov	4 lið	Hannes Grimm
7.fl.	4 lið	Þóra Hlíf Jónsdóttir	6 lið	Filip Andonov
8.fl.	6 lið	Arndís María Erlingsdóttir	6 lið	Filip Andonov
Samtals	18 lið		22 lið	

Uppskeruhátíð vegna starfsins veturinn 2018-2019 var haldin í lok maí 2019 þar sem iðkendur fengu viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku sína hjá deildinni ásamt viðurkenningu fyrir frammistöðu. Ari Pétur

Eiríksson fékk Bjargarbikarinn afhentan að þessu sinni en bikarinn er afhentur þeim sem þykir góður félagsmaður og til fyrirmyndar bæði utan sem innan vallar.



Barna- og unglingaráð handknattleiksdeildar Gróttu hélt tvö mót fyrir yngri flokka á þessu tímabili. Fyrri mótið sem Gróttu hélt var haldið í nóvember 2019 (8. flokkur karla og kvenna) og styrkti Nathan & Olsen mótið sem haldið var undir merkjum Cheerios. Mótið var fjölmennt að vanda og gleðin við völd enda margir að stíga sín fyrstu skref á handboltavellinum. Allir þátttakendur voru leystir út með verðlaunapening og Cheerios-pakka. Síðara mót vetrarins í umsjón Gróttu var síðan haldið í byrjun febrúar en þá mættu til leiks 6. flokkur karla, yngra ár. Mótin gengu afar vel fyrir sig og mikil ánægja var meðal iðkenda, foreldra þeirra og þjálfara. Ber sérstaklega að þakka Björnsbakarí og Jóa Fel fyrir að styrkja mótin okkar sem og Nathan & Olsen. Þá voru spilaðir fjölmargir heimaleikir í 2. - 4. flokki karla og kvenna.

Það er að mörgu að hyggja þegar starfrækja á kraftmikið og metnaðarfullt barna- og unglingastarfi þar sem iðkendur fá tækifæri til að njóta sín innan sem utan vallar í uppbyggilegu umhverfi. Í því sambandi er mikilvægt að íþróttafélög hafi skýra framtíðarsýn sem byggir á sameiginlegum gildum sem ganga þvert á deildir þess. Þegar barn byrjar að iðka íþróttir hjá íþróttafélagi er mikilvægt að það fái að spreya sig í fleiri en einni íþróttagrein og á þá barnið ekki að þurfa að tileinka sér ólík gildi mismunandi deilda

heldur gildi íþróttafélagsins. Samheldni og jákvæð samskipti innan íþróttafélags, þvert á deildir, skipta miklu máli til að tryggja velgengni þess til lengri tíma. Einnig er dýrmætt að þeir sem starfa fyrir félagið standi saman að félaginu sem slíku og hjálpist að við að gera starf allra deilda félagsins sem veglegast. Í því sambandi er þýðingarmikið að deildum félagsins sé tryggt sambærilegt starfsumhverfi og að talað sé af virðingu um allar deildir þess. Einnig skiptir máli að gerðar séu sömu eða sambærilegar kröfur til þeirra sem starfa fyrir einstakar deildir hjá félaginu, hvort sem eru starfsmenn, verktakar eða sjálfboðaliðar, eins og gildir almennt á góðum vinnustöðum. Að þessum atriðum þarf að huga betur hjá Íþróttafélaginu Gróttu og eru því mörg sóknarfærin sem bíða félagsins í frekari uppbyggingu þess til framtíðar.

